

- a. að fylgjast með og halda skrá um erfðabreytileika og þróun hans í helstu búfjárstofnum, villtum landdýrum og ferskvatnsfiskum,
- b. að gera tillögur til landbúnaðarráðherra um sérstakar ráðstafanir til verndunar þeirra tegunda, stofna og eiginleika sem eru í útrýmingarhættu að mati nefndarinnar.

Kostnaður vegna verndunaraðgerða greiðist úr ríkissjóði.

Nánar skal kveðið á um starfsemi erfðanefndar búfjár í reglugerð, að fengnum tillögum þeirra stofnana sem aðild eiga að henni.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði.

17. gr.

Landbúnaðarráðherra setur, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, reglugerð er kveður nánar á um framkvæmd þessara laga.

18. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi 1.–12. gr., 14.–18. gr., 20.–30. gr., 34.–37. gr., 39.–47. gr. og 60.–62. gr. búfjárræktarlaga, nr. 31 24. apríl 1973, með síðari breytingum, og lög nr. 50 14. júní 1929, um innflutning og ræktun sauðnauta.

Gjört í Reykjavík, 30. maí 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur J. Sigfússon.

1. júní 1989

Nr. 85

L Ö G

um breyting á þinglýsingalögum, nr. 39 10. maí 1978.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „þinglýsingardómarar“ í fyrirsögn I. kafla komi: þinglýsingarstjórar.

2. gr.

1. gr. laganna hljóði svo:

Sýslumenn eru þinglýsingarstjórar, hver í sínu umdæmi.

3. gr.

Í stað „þinglýsingardómari“ í 1. málsl. 1. mgr. 2. gr. komi: þinglýsingarstjóri, og í stað „dómaranum“ í 3. málsl. sömu mgr. komi: þinglýsingarstjóra.

Í stað „fulltrúi dómara“ í 2. mgr. 2. gr. komi: fulltrúi sýslumanns, og í stað „dómara“ í sömu málsgrein komi: þinglýsingarstjóra.

4. gr.

3. gr. laganna hljóði svo:

Úrlausn þinglýsingarstjóra við meðferð þinglýsingar samkvæmt lögum þessum sætir stjórnarsýslukæru til dómsmálaráðuneytis innan þriggja vikna frá því að þinglýsingarbeiðanda var tilkynnt hún eða tilkynning um úrlausnina var send honum, en einnig er hægt að höfða mál fyrir héraðsdómi til ógildingar úrlausninni innan sama tíma eða innan þriggja vikna frá því að kæranda er tilkynnt um úrskurð ráðuneytis í málinu.

Nú kærir aðili úrlausn og skal þá skrá athugasemd um það í þinglýsingabók.

5. gr.

Í stað „dómara“ á tveimur stöðum í 1. mgr. 5. gr. komi: þinglýsingarstjóra.

Í stað „dómari“ í 2. mgr. 5. gr. komi: þinglýsingarstjóri.

6. gr.

Í stað „þinglýsingardómari“ í 1. og 5. mgr. 7. gr. komi: þinglýsingarstjóri.

7. gr.

Í stað „þinglýsingardómarar“ í 1. mgr. 8. gr. komi: þinglýsingarstjórar.

Í stað „dómara“ í 4. tölul. 1. mgr. 8. gr. komi: þinglýsingarstjóra.

8. gr.

Í stað „þinglýsingardómari“ í 2. mgr. 9. gr. komi: þinglýsingarstjóri.

Í stað „þinglýsingardómara“ í 3. mgr. 9. gr. komi: þinglýsingarstjóra.

9. gr.

Í stað „þinglýsingardómari“ í 1. mgr. 10. gr. komi: þinglýsingarstjóri.

Í stað „dómara“ í 2. mgr. 10. gr. komi: þinglýsingarstjóra.

10. gr.

Í stað „þinglýsingardómara“ í 11. gr. komi: þinglýsingarstjóra.

11. gr.

Í stað „þinglýsingardómara“ í 1. mgr. 12. gr. komi: þinglýsingarstjóra.

12. gr.

Í stað „þinglýsingardómari“ í 13. gr. komi: þinglýsingarstjóri.

13. gr.

Í stað „dómara“ í 1. mgr. 14. gr. komi: þinglýsingarstjóra.

14. gr.

Í stað „þinglýsingardómari“ í 1. málsl. 17. gr. komi: þinglýsingarstjóri, í stað „dómara“ í 3. málsl. greinarinnar komi: þinglýsingarstjóra, og í stað „dómari“ í 4. og 5. málsl. greinarinnar komi: þinglýsingarstjóri.

15. gr.

Í stað „þinglýsingardómari“ í 2. mgr. 20. gr. komi: þinglýsingarstjóri.

16. gr.

Í stað „dómari“ í 1. mgr. 27. gr. komi: þinglýsingarstjóri, og í stað „dómarinn“ í sömu málsgrein komi: þinglýsingarstjórinn.

Í stað „dómara“ í 2. mgr. 27. gr. komi: þinglýsingarstjóra, og í stað „dómari“ tvisvar í sömu málsgrein komi: þinglýsingarstjóri.

17. gr.

Í stað „dómari“ tvisvar í 1. mgr. 38. gr. og í 2. mgr. sömu greinar komi: þinglýsingarstjóri.

18. gr.

Í stað „þinglýsingardómari“ í 4. mgr. 39. gr. komi: þinglýsingarstjóri.

19. gr.

Í stað „dómari“ í 1. mgr. 42. gr. komi: þinglýsingarstjóri.

Í stað „þinglýsingardómari“ í 2. málsl. 2. mgr. 42. gr. komi: þinglýsingarstjóri, í stað „dómara“ í sama málsl. komi: þinglýsingarstjóra, og í stað „dómaranum“ í 3. málsl. sömu málsgreinar komi: þinglýsingarstjóranum.

20. gr.

Í stað „dómaranum“ í 44. gr. komi: þinglýsingarstjóranum.

21. gr.

Í stað „þinglýsingardómari“ í 2. málsl. 1. mgr. 45. gr. komi: þinglýsingarstjóri, og í stað „dómaranum“ í 3. málsl. sömu málsgreinar komi: þinglýsingarstjóranum.

Í stað „dómari“ í 3. mgr. 45. gr. komi: þinglýsingarstjóri.

22. gr.

Í stað „dómara“ í 1. mgr. 48. gr. komi: þinglýsingarstjóra, og í stað „dómari“ í sömu málsgrein komi: þinglýsingarstjóri.

Í stað „dómara“ í 4. mgr. 48. gr. komi: þinglýsingarstjóra.

23. gr.

Í stað „þinglýsingardómara“ í 49. gr. komi: þinglýsingarstjóra, og í stað „dómara“ tvisvar í a-lið greinarinnar komi: þinglýsingarstjóra.

24. gr.

Í stað „þinglýsingardómara“ í 1. mgr. 50. gr. komi: þinglýsingarstjóra.

Í stað „dómari“ í 1. málsl. 2. mgr. 50. gr. komi: þinglýsingarstjóri, og í stað „þinglýsingardómari“ í 3. málsl. sömu málsgreinar komi: þinglýsingarstjóri.

25. gr.

Lög þessi taka gildi 1. júlí 1992.

Gjört í Reykjavík, 1. júní 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.